

Hugbúnaður og netþjónusta DeLaval

Gagna- og persónuverndaryfirlýsing

Þessi yfirlýsing lýsir því hvenær, hvernig og í hvaða tilgangi DeLaval International AB, skráningarnúmer fyrirtækis 556012-3928, P.O. Box 39, Gustaf de Lavals vág 15, SE 147 21 Tumba, Svíþjóð („DLI“) og hlutdeildarfélag þess meðhöndla (t.d. safna, búa til, geyma, nota, endurvinna, sameina, breyta og birta) gögn í tengslum við hvern hugbúnað og netþjónustu DeLaval (hver slíkur hugbúnaður og þjónusta er „þjónusta“).

Með því að virkja, setja upp eða nota þjónustuna veitir þú og sá einstaklingur eða aðili sem þú er fulltrúi fyrir (kallast sameiginlega „þú“) leyfi fyrir gagnavinnslunni (þar á meðal, án takmörkunar gögnum um þig) sem lýst er í þessari yfirlýsingu (þar á meðal, án takmörkunar, gagnaflutning til og frá Evrópusambandinu) og veitir DeLaval Holding AB og öllum aðilum undir beinni eða óbeinni stjórn DeLaval Holding AB („DeLaval Group“), t.d. DLI, Lattec I/S og DairyDataWarehouse B.V., varanlegt, án þóknunar, framseljanlegt, undirleyfislegt og leyfi á heimsvísu til að meðhöndla gögn eins og skilgreint er hér. Ef einhver hluti leyfisins er afturkallaður getur verið að þú getir ekki nýtt þér ákveðna virkni þjónustunnar.

Athugið að DLI kann ekki að lúta sömu gagna- og persónuverndarlögum og eiga við þig (DLI lýtur gagna- og persónuverndarlögum Svíþjóðar og Evrópusambandsins) og DLI vistar að mestu leyti gögn á tölvuþjónum í Evrópusambandinu (sjá nánar hér að neðan). Einnig skal hafa í huga að DLI er heimilt að flytja gögn til annarra aðila, eins og lýst er í hlutanum „Viðtakandi“ að neðan, og að þessir aðilar kunna að vera staðsettir í löndum eða á svæðum sem veita ekki sams konar gagna- og persónuvernd eins og Evrópulög gera.

Nema að annað sé sérstaklega samþykkt skriflega átt þú ekki rétt á neinum bóttum fyrir gögn sem þér eru veitt eða vegna samþykkis eða réttinda sem veitt eru þér hér að neðan.

GAGNAFLOKKAR

Eftirfarandi gagnaflokkar geta verið safnaðir eða búin til að DLI (eða einhverjum öðrum aðila innan DeLaval Group) í tengslum við þjónustuna.

- Opinber gögnum um þig (t.d. heiti fyrirtækis, skráningarnúmer og pósthfang) getur verið safnað og þú gætir verið beðin/n um að láta í té gögn um þig og einstaklinga sem heimilt er að nota þjónustuna fyrir þína hönd (t.d. nafn, netfang, pósthfang og símanúmer).
- Gögn má safna eða búa til í tengslum við greiðslu á viðeigandi leyfis- og/eða áskriftargjöldum (ef við á).
- Gögn geta á sjálfvirkan hátt verið safnað eða búin til í tengslum við það tæki eða hugbúnað sem notað er í tengslum við þjónustuna (t.d. IP-tala, gerð tækis og stýrikerfi) og varðandi notkun á þjónustunni (t.d. notandi, aðgangstímar og, ef við á, leyfislykill).
- Gögn sem færð eru í, búin til af eða eru í boði í gegnum þjónustuna (sem og frumgögn sem slíki gögn eru byggð á) geta verið sjálfkrafa aðgengileg (t.d. ef hluti af netþjónustu), eða sjálfvirk eða handvirk (t.d. með því að nota aðgerðir í þjónustunni) flutt til DLI (eða einhvers annars aðila innan DeLaval Group). Þetta getur falið í sér gögn frá hugbúnaði, þjónustu, kerfi eða vöru sem er stjórnað er eða fylgst er með af þjónustunni.

Söfnun gagna má fara fram úr fjartægi. Söfnuð eða búin til gögn má einnig meðhöndla frekar í þeim tilgangi sem fyrir neðan er að finna.

Vinsamlegast athugið að allir ofangreindir gagnaflokkar í tengslum við hverja þjónustu og að söfnun gagna má koma í veg fyrir eða takmarka af nettengingu þinni og stillingum í tækinu þínu eða í þjónustunni (þannig getur ákveðin virkni þjónustunnar tapast). Nánari upplýsingar um tiltekna gagnaflokka, ef til staðar eru, sem safnað er í tengslum við þjónustuna sem þú notar eða ert að íhuga að nota má sækja og prenta á <http://www.delaval.com/legal/>. Þú getur einnig skoðað gögn um þjónustunnar eða haft samband við DLI með því að nota hlutann „Nánari upplýsingar“ fyrir neðan og þannig fengið frekari upplýsingar.

VINNSLUTILGANGUR

Gögnin sem safnað er eða búin eru til af DLI í tengslum við þjónustuna má vinna frekar til að hafa umsjón með eða reka þjónustuna og skyld gjöld, til að greina og koma í veg fyrir óheimilaða notkun á þjónustunni (t.d. sannreyna að notandi hefur gilt leyfi, ef við á), til að fylgjast með og greina notkun á þjónustunni, til að hámarka virkni og innihald þjónustunnar, til að þróa þjónustuna frekar, til að styðja/þróa söluaðila DeLaval og dreifingaraðila (t.d. varðandi samskipti við viðskiptavini og solumál), til að þróa sérsniðnar vörur, til að veita þér tilkynningar, til að veita þér vöru og þjónustu og, með fyrirvara um gildandi lög, til að senda þér upplýsingar um vöru og þjónustu DeLaval Group. Gögnin má einnig vinna fyrir markaðsrannsóknir, vöru- og þjónustubrúun, og ákvæði vöru og

þjónustu til annarra aðila (til dæmis viðmiðunartölur sem eru brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn - sjá upplýsingar um birtingu upplýsinga undir „Viðtakendur“ hér að neðan).

Á sniði sem er brenglað svo ekki verði borin kennsl á neinn (nöfn einstaklinga, lögaðila, bæja, o.s.frv. verða fjarlægð eða skipt út) geta gögn sem safnað er eða búin til af DLI í tengslum við þjónustuna verið einnig notuð í öðrum tilgangi.

VIÐTAKENDUR

Gögnum sem safnað er eða búin til af DLI í tengslum við þjónustuna geta verið birt og unnin, í þeim tilgangi sem lýst er að ofan, af aðila innan DeLaval Group (td Lattec I/S og DairyDataWarehouse BV) og viðurkenndum dreifingaraðilum þess, háð takmörkunum að neðan varðandi persónuupplýsingar (eins og skilgreint er hér að neðan). Nánari upplýsingar um hvern aðila innan DeLaval Group er að finna á <http://www.delaval.com/legal/>.

DLI er heimilt, í þeim tilgangi sem lýst er að ofan, að nota þjónustuveitendur að vinna gögn fyrir hönd DLI (t.d. fyrir gagnageymslu), í því tilviki er notast við viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda gögnin.

Á sniði sem er brenglað svo ekki verði borin kennsl á neinn (nöfn einstaklinga, lögaðila, bæja, o.s.frv. verða fjarlægð eða skipt út) geta gögn sem safnað er eða búin til af DLI í tengslum við þjónustuna verið einnig deilt með öðrum viðtakendum.

ÖRYGGI

DLI (eða, ef við á, þjónustuveitendur þess) hefur innleitt efnislegar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi öryggisstig miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem er safnað eða búin eru til af DLI í tengslum við þjónustuna. Slíkar ráðstafanir eru framkvæmdar til að: (a) Tryggja að heimilaðir starfsmenn fái aðeins aðgang að gögnunum; (b) Tryggja að engir starfsmenn fái aðgang að gögnunum aðrir en þeir sem þurfa aðgang að slíkum gögnum; (v) Tryggja að allir slíkir viðurkenndir starfsmenn séu háðir viðeigandi kvöðum um að viðhalda trúnaði gagnanna; og (d) Vernda gögn gegn óheimilaðri birtingu og aðgang og ólögumætri eyðingu eða eyðingu fyrir slysi, tapi eða breytingu.

PERSÓNUUPPLÝSINGAR

Yfirleitt er ekki þörf á að birta nein gögn um auðkenndan eða persónugreinanlegan einstakling („persónuupplýsingar“) í tengslum við þjónustuna nema að að þörf kann að vera á grundvallarupplýsingum um einstaklinga sem heimilað er að nota þjónustuna fyrir þína hönd vegna umsjónar eða rekstur þjónustunnar og skyld gjöld (ef slík gögn eru ekki birt getur það hindrað notkun á þjónustunni). Að því marki sem gögnin sem getið er um hér að framan í þessari yfirlýsingu eru persónuupplýsingar mun DLI (eða, ef við á, viðkomandi „stjórnandi“ á gögnum sem auðkennd eru á <http://www.delaval.com/legal/>) vinna aðeins úr persónuupplýsingum sem eru samrýmanleg þeim tilgangi sem lýst er fyrir ofan og mun viðkomandi geyma persónuupplýsingar á sniði sem heimilar aðeins auðkenningu ef slíkt er nauðsynlegt í því skyni. Lagagrundvöllur til vinnslu á persónuupplýsingum er fyrst og fremst samþykki veitt af viðkomandi einstaklingi. Ef viðkomandi einstaklingur hefur ekki gefið samþykki eða samþykki hefur verið afturkallað er lagagrundvöllurinn sá að vinnslan er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna (tilgangurinn er tilgreindur hér að ofan) sem, byggist á hagsmunajafnvægi, hefur verið talinn meiri en hagsmunir einstaklings eða grundvallarréttindi og frelsi. Einnig getur verið þörf á ákveðinni vinnslu persónuupplýsinga til að uppfylla lagalegar skyldur.

Persónuupplýsingarnar verða ekki birtar af DLI án samþykkis frá viðkomandi einstaklingi nema öðrum aðilum innan DeLaval Group og þér og/eða dreifingaraðila DeLaval og að því marki sem þörf er á vegna umsjónar eða rekstur þjónustunnar og skyldra gjalda eða eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum. Einnig skal hafa í huga að þjónustuveitendur kunna að vinna gögn fyrir hönd DLI eins og lýst er í hlutanum „Viðtakendur“ hér að ofan. Nema annað sé tekið fram í gögnum þjónustunnar eða á <http://www.delaval.com/legal/> geymir DLI helst persónuupplýsingar í Evrópusambandinu, en persónuupplýsingar geta verið, í tilgangi og með takmörkunum sem lýst er að ofan, fluttar á staðinn þaðan sem þú færð aðgang að þjónustunni, þar sem aðili DeLaval Group og/eða dreifingaraðili þinn er staðsettur, og þar sem þjónustuveitendur DLI sinna rekstri sínum. Ef, í öðrum tilvikum en þegar þú óskar eftir eða samþykkir, þegar nauðsyn ber vegna lykta, afkasta eða stuðnings samnings sem er gerður þér í hag, eða þegar nauðsynlegt fyrir stofnun, beitingu eða málsvörn dómsmáls, gögn eru flutt af DLI úr Evrópusambandinu mun DLI beita viðeigandi öryggisráðstöfunum til að vernda gögnin (t.d. „stöðluð samningsákvæði“ innleidd af framkvæmdastjórn ESB). Einstaklingurinn sem á hlut í persónuupplýsingunum má hafa samband við DLI til að fá upplýsingar um hvaða þjónustuveitendur taka þátt í að vinna persónuupplýsingarnar, hvaða lönd og svæði persónuupplýsingarnar eru fluttar til og þær öryggisráðstafanir sem hafa verið innleiddar.

Háð takmörkunum samkvæmt gildandi lögum, einstaklingurinn sem tengist persónuupplýsingunum hefur rétt til að óska eftir upplýsingum um vinnslu DLI á slíkum persónuupplýsingum (í skipulögðu, algengu og tölvutæku formi, hefur rétt til að framsenda slík gögn) og til að óska eftir að DLI leiðrétti, fullgeri, uppfæri, læsi eða eyði öllum

slíkum persónuupplýsingum sem eru rangar, ófullkomnar, ruglingslegar, úreltar eða ólögmætar. Slíkur einstaklingur hefur einnig rétt til að mótmæla, ef ástæður eru lögmætar, vinnslu upplýsinga sem varða hann eða hana (einkum ef viðkomandi á rétt á því samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd) og til að afturkalla, sem tekur síðan gildi, samþykki sem hann/hún hefur veitt varðandi vinnslu slíkra gagna. Ef einstaklingur telur að vinnsla persónuupplýsinga um hann eða hana brýtur í bága gegn gildandi lögum getur einstaklingurinn lagt fram kvörtun til viðkomandi eftirlitsstofnunar.

Ef að annar „stjórnandi“ gagna en DLI er auðkenndur á <http://www.delaval.com/legal/> í tengslum við tiltekna þjónustu á það sem tilgreint er að ofan hvað DLI varðar í staðinn við slíkan stjórnanda.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Beiðnir um frekari upplýsingar varðandi úrvinnslu gagna í tengslum við þjónustuna er hægt að leggja fram með því að senda undirritaða og dagsetta skriflega beiðni til DLI á heimilisfangið að ofan (attention: "Data Protection Officer").

UPPFÆRSLUR Á ÞESSARI YFIRLÝSINGU

Nýjar útgáfur af þjónustunni kunna að vera gerðar tiltækar í framtíðinni. DLI mun uppfæra þessa yfirlýsingu til að lýsa hvernig og í hvaða tilgangi DLI mun vinna úr gögnum í tengslum við slíkar nýjar útgáfur. DLI getur einnig uppfært þessa yfirlýsingu til að lýsa viðbótarumfangi eða tilgang vinnslu gagna í tengslum við þjónustuna.

ÞYÐINGAR

Enska útgáfan af yfirlýsingu þessari er eina bindandi útgáfan, án tillits til hvort þýðingar á öðrum tungumálum séu aðgengilegar. Ef fyrir hendi er ósamræmi á milli ensku útgáfunnar og þýðingarinnar skal taka mið af ensku útgáfunni. Enska útgáfuna má sækja og prenta á <http://www.delaval.com/legal/>.